

samvinnu um byggingu flugstöðvar með tvíþættu hlutverki á Keflavíkurflugvelli.

Ég leyfi mér að staðfesta að ríkisstjórn Íslands getur fallist á tillögur í orðsendingu yðar og að orðsending yðar og þetta svar skuli fela í sér samning milli ríkisstjórna okkar um þetta mál sem taki gildi í dag.

Ég votta yður, hr. sendiherra, enn á ný sérstaka virðingu mína.

Geir Hallgrímsson.

Hr. sendiherra
Marshall Bremont,
Sendiráði Bandaríkjanna,
Reykjavík.

between our two Governments concerning cooperation in the construction of a dual-purpose terminal facility at Keflavík Airport.

I have the honour to confirm that the proposals contained in your Excellency's Note are acceptable to my Government and that your Note and this reply shall be regarded as constituting an Agreement between our two Governments on this subject effective today.

Accept, Excellency, the renewed assurances of my highest consideration.

Geir Hallgrímsson

His Excellency
Ambassador Marshall Bremont
American Embassy
Reykjavík

Nr. 11

16. ágúst 1983

AUGLÝSING

um gildistöku Norðurlandasamnings um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar.

Norðurlandasamningur frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar öðlaðist gildi 3. ágúst 1983, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1982, þar sem samningurinn er birtur.

Sama dag féllu úr gildi samningur frá 18. júní 1965 um sameiginlegan vinnumarkað lækna ásamt breytingu frá 19. ágúst 1976, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 12/1979, og samningur frá 2. desember 1969 um norrænan vinnumarkað fyrir lyfjafraðinga, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1971.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 16. ágúst 1983.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.